

MENNING

Fimm karlar og sautján konur tilnefndar

Jakob Bjarnar skrifar · 1. desember 2021 17:45



Þeir höfundar sem hljóta tilnefningu í flokki skáldverka. Kamilla Einarsdóttir, Guðni Elisson, Arnaldur Indriðason, Hallgrímur Helgason og Svíkaskáldin sex.

Hallgrímur Helgason og Þórunn Jarla hljóta sína 6. tilnefningu hvort til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Tilnefningarnar voru kynntar á Kjarvalsstöðum nú rétt í þessu en sjálf verðlaunin verða afhent um mánaðamótin janúar-febrúar á nýju ári af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, en verðlaunin eru ein milljón fyrir hvert það verk. Það er Félag íslenskra bókaútgefenda sem stendur að verðlaununum.

Athyglisvert er að rýna í tilnefningarnar, sem sjá má í heild sinni hér neðar. Ef litið er til kynjaskiptingar, sem hefur verið hefur alpha og omega fréttáflutnings á Íslandi undanfarin ár, kemur á daginn að einungis fimm karlar en sautján konur eru nú tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þar munar um að Svíkaskáld, sex kvenna ljóðakollektív, hlýtur tilnefningu fyrir bókina Olíu. Ef ekki væri fyrir Jakob Ómarsson þá myndu konur einoka flokk barna- og ungmennabóka og í flokki fræðibóka og rita almenns efnis er Snorri Baldursson eini karlinn.



Þau tilnefndu á Kjarvalsstöðum auk Heiðars Inga Svanssonar formanns Fibut og Lilju D. Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra.

ÁRNI SÆBERG

Í flokki skáldverka eru hins vegar þrír karlar sem riðla myndinni. Glæpasagnahöfundurinn Arnaldur Indriðason, sem reyndar er ekki með glæpasögu að þessu sinni, hlýtur sína aðra tilnefningu fyrir Sigurverkið en hann hlaut tilnefningu fyrir Kleifarvatn árið 2004. Guðni Elísson prófessor hlýtur tilnefningu fyrsta sinni en í bók hans er rauður þráður fáfengileiki bókmenntaverðlauna.

Þá er eftirtektarvert að þau Hallgrímur Helgason og Þórunn Jarla Valdimarsdóttir hljóta nú sína 6. tilnefningu hvort um sig. Hallgrímur hlaut verðlaunin 2001 og 2018 en Þórunn Jarla á það inni.



Kát með tilnefninguna. En hér getur að lita hópinn sem fær tilnefningu í flokki skáldverka.

VÍSIR/SIGURJÓN

Að öðru leyti eru fastagestir í hópi tilnefndra ekki áberandi og ef til vill eru tilnefningarnar til marks um kynslóðaskipti í bókmenntum á Íslandi? Meðal tilnefndra nú er að finna yngsta höfund sem tilnefndur hefur verið í flokki fræðabóka, Kristjönu Vigdísi Ingvadóttur fyrir Þrautsegju og mikilvægi íslenskrar tungu, og er það hugsanlega til að styðja þá tilgátu.

Hér fyrir neðan má sjá tilnefningarnar í heild sinni og með fylgja umsagnir dómnefnda sem einnig eru nefndar til sögunnar. Nú liggur það fyrir formönnum dómnefndanna þriggja ásamt Gísla Sigurðssyni, forsetaskipuðum formanni, að velja einn verðlaunahafa úr hverjum flokki.

Skáldverk

Arnaldur Indriðason

Sigurverkið

Útgefandi: Vaka Helgafell

„Höfundur slær hér nýjan tón frá fyrri verkum með sögulegri skáldsögu þar sem persónur úr íslenskum og dönskum veruleika fyrri alda leiða söguna áfram. Harmræn örlagasaga, skrifuð af viðkvæmni og virðingu fyrir sögupersónunum, í fallegum og grípandi texta sem vekur samkennd og sterkar tilfinningar lesenda.“

Guðni Elísson

Ljósildran

Útgefandi: Lesstofan

„Marglaga og margslungið skáldverk sem er allt í senn, sársaukafullt tregaljóð, skúrkasaga, samtímasaga, ádeila á verðmætamat samfélagsins og karnivalísk afbygging þar sem furðuverur varpa ljósi á valdakerfi samtímans. Úthugsuð uppbygging sem er reglulega sprengd upp - þegar textinn flæðir yfir mörk alls þess sem hingað til hefur skilgreint skáldsögur. Tímamótaverk þar sem bókstaflega allt er undir.“

Hallgrímur Helgason

Sextíu kíló af kjaftshöggum

Útgefandi: JPV útgáfa

„Styrkleikar höfundar mætast í glitrandi og kjarnyrtri veröld síldarplansins, þar sem fyrstu skref þjóðar úr torfkofunum speglast í þrá aðalsöguhetjunnar eftir betra lífi og sjálfstæði. Síldarvals þar sem húnur og harmur koma saman í miskunnarlausri framrás tímans. Líður alls ekki fyrir að vera sjálfstætt framhald verðlaunaverks, heldur stendur fullkomlega á eigin fótum.“

Kamilla Einarsdóttir

Tilfinningar eru fyrir aumingja

Útgefandi: Veröld

„Leit hinnar femínísku andhetju að sjálfsmýnd, í misvondum ástarsamböndum, ýmsum hlutverkum í vinahópnum, á botni bjórflösku og í þungarokkshljómsveit snemm miðaldra skólafélaga sem kunna ekki á hljóðfæri. Sterk samtímasaga þar sem ískaldri kaldhæðni og depurð er fléttað saman í hressilegum texta, sem er skrifaður af viðkvæmni og væntumþykju.“

Svikaskáld: Fríða Ísberg, Melkorka Ólafsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir og Þórdís Helgadóttir

Olía

Útgefandi: Mál og menning

„Hressandi frásögn af uppreisn sex kvenna gegn hefðbundnum kynhlutverkum. Grípandi ádeila á viðjar vanans og tilraunir til að brjótast undan hlekkjum hugarfars feðraveldisins. Verkið er óvenjulegt að því leyttinu að hér taka sex höfundar sig saman um að segja eina sögu frá sjónarhóli sex kvenna sem tengjast þó innbyrðis með mismiklum hætti. Þrátt fyrir mismunandi stíla og ólíkar raddir höfunda verður úr sterk samfelld frásögn þar sem samtímamálefni eru til umfjöllunar.“

...

Dómnefnd skipuðu: Andri Yrkill Valsson, formaður dómnefndar, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir og Jón Svanur Jóhannsson.

Fræðibækur og rit almenns efnis

Guðrún Ása Grímsdóttir

Sturlunga saga eða Íslendinga sagan mikla I-III

Útgefandi: Hið íslenska fornritafélag

„Sturlunga er samtímaheimild um orlagaríka ófriðartíma í sögu Íslands (1117-1264). Skinnhandritin tvö frá 14. öld eru skert og því er til viðbótar stuðst við yngri eftirrit í nýrri útgáfu Sturlungu sem Guðrún Ása Grímsdóttir hefur séð um. Vandvirkni og fræðileg úttekt hennar gerir lesendum nútímans unnt að njóta hins forna rits í hvítetna. Sagnasafnið Sturlunga inniheldur m.a. einn fjársjóða 13. aldar sem er Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar. Fróðleg og spennandi lesning.“

Kristjana Vigdís Ingvadóttir

Þrautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu : Um notkun dönsku og erlend áhrif á íslensku

Útgefandi: Sögufélag

„Höfundur leitar svara við nokkrum spurningum, m.a. hversu víðtæk var notkun dönskunnar á 18. og 19. öld á Íslandi, hvar bar hana helst niður og hvers vegna ekki var skipt yfir í dönsku eins og rektor einn lagði til? Höfundur setur frumrannsókn sína í samhengi við fyrri rannsóknir fræðimanna á einstaklega skipulegan og ferskan hátt. Virðing Dana fyrir menningararfi Íslendinga kemur ef til vill einna helst á óvart. Í lok bókar spyrðir höfundur áhyggjum fyrri alda varðandi íslenskt mál saman við þær sem tilheyra deginum í dag. Hressandi lesning.“

Sigrún Helgadóttir

Sigurður Þórarinsson : Mynd af manni I-II

Útgefandi: Náttúruminjasafn Íslands

„Allt við þetta mikla ritverk hrífur, efnistöð við ritun sögu Sigurðar Þórarinssonar og sjálft bókverkið, sem er markvisst og fagurlega myndskreytt. Rannsóknir vítt og breitt um landið, eldgos, jöklar, jarðlög, náttúruvernd, söngtextar og önnur áhugamál vísindamannsins sindra á hverri blaðsíðu.“

Snorri Baldursson

Vatnajökulsþjóðgarður: Gersemi á heimsvísu

Útgefandi: JPV útgáfa

„Lesandinn verður margs fróðari um jökla- og jarðfræði, lífríki og mikilfenglegar náttúruminjar svæðisins og verndun þess. Megintexti, kort, skýringarmyndir og ljósmyndir gefa margbreytilega mynd af viðfangsefninu. Höfundur leiðir lesandann í gegnum sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs á skýran og fróðlegan hátt með fallegu myndefni. Hrífandi falleg bók.“

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir

Bærinn brennur : Síðasta aftakan á Íslandi

Útgefandi: JPV útgáfa

„Leiftrandi nærgætin frásögn upp úr bestu heimildum varpar nýju ljósi á aðdraganda og eftirmál hryllilegra atburða er gerðust í byrjun 19. aldar. „Mörg er angistin í nærmynd þessarar sögu“ lýsir vel upplifun við lestur bókarinnar. Lesandinn fær að fylgja höfundi um heimildir og finnur sig fljótt uggandi við túnfótinn.“

...

Dómnefnd skipuðu: Hanna Steinunn Þorleifsdóttir, formaður dómnefndar, Katrín Ólöf Einarsdóttir og Ingi Bogi Bogason.

Barna- og ungmennabækur

Arndís Þórarinsdóttir

Bál tímans : Örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár

Útgefandi: Mál og menning

„Óvæntur sögumaður tekur lesanda með í fróðlegt ferðalag. Myndir gæða bókina miklu lífi og auka lestraránægjuna. Bókin segir frá helsta fjársjóði íslenskra bókmennta á nýstárlegan hátt og kynnir handritin fyrir ungum lesendum.“

Guðlaug Jónsdóttir og Hlíf Una Bárudóttir myndhöfundur

Í huganum heim

Útgefandi: Guðlaug Jónsdóttir og Karl K. Ásgeirsson

„Hugljúf, raunsæ og hversdagsleg frásögn af sveitalífi fyrri tíma. Gullfallegar myndir prýða frumraun höfundar og gera söguna ljóslifandi þannig að nánast megi bragða á matnum eða ganga inn í herbergi og leika sér.“

Jakob Ómarsson

Ferðalagið : styrkleikabók

Útgefandi: Af öllu hjarta

„Bókin er skemmtileg lesning og hvetur til aukins tilfinningaþroska. Aukaefni fylgir bókinni sem útskýrir efni hennar og nýtist við lesturinn. Framsetning bókarinnar gerir hana að einstakri frumraun.“

Margrét Tryggvadóttir og Linda Ólafsdóttir myndhöfundur

Reykjavík barnanna

Útgefandi: Iðunn

„Bókin fetar troðnar slóðir, sögusviðið er stórt og mikið og spannar fjölda ára. Fallegar myndskreytingar gera bókina aðgengilega lesendum á öllum aldri svo úr verður fræðandi og skemmtileg heimild um höfuðborgina okkar.“

...

Dómnefnd skipuðu: Ragna Gestsdóttir, formaður dómnefndar, Stefán Rafn Stefánsson og Vignir Árnason

